

REGLUR

um staðalfrávik í tengslum við sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra váttryggingafélaga og starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi.

2. gr.

Samræmdar útreikningsforsendur staðalreglunnar.

Aðilar sem falla undir gildissvið reglnanna skulu við útreikning gjaldþolskröfu heilsutryggingaráhættu skv. 100. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, fylgja ákvæðum reglugerðar (ESB) 2015/2013 frá 11. nóvember 2015, sbr. 3. gr.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2013 frá 11. nóvember 2015, um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðalfrávik í tengslum við sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi nr. 6 frá 30. janúar 2020, bls. 41. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 29 frá 3. maí 2018, bls. 24-25.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 4. tölul. 2. mgr. 101. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, öðlast þegar gildi.

Seðlabanka Íslands, 30. september 2021.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Jóníusdóttir
framkvæmdastjóri.